

## AUGLÝSING

### um einkarétt lögmannna.

Samkvæmt heimild í 4. málsg. 5. gr. laga nr. 61 4. júlí 1942 um málflytjendur hefur verið ákveðið, að fyrirmæli 3. málsg. 5. gr. sömu laga um einkarétt héraðs- dóms- og hæstaréttarlögmannna í Reykjavík og á Akureyri skuli frá 1. júlí 1976 að telja einnig taka til eftirtalinna kaupstaða: Garðakaupstaðar, Hafnarfjarðar- kaupstaðar, Keflavíkurkaupstaðar, Kópavogskaupstaðar, Njarðvíkurkaupstaðar, Sel- tjarnarneskaupstaðar og Vestmannaeyjakaupstaðar.

Þetta tilkynnist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. júní 1976.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

Nr. 243.

13. maí 1976.

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Vinstri beygja af Elliðavogi til austurs í Súðavog verður bönnuð.
  2. Stöðvunarskylda á Álfabakka við Reykjanesbraut verður felld niður.
- Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 20. maí n.k.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 13. maí 1976.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

Nr. 244.

23. júní 1976.

## AUGLÝSING

### um heimild til hækkunar raforkuverðs í heildsölu.

Ráðuneytið hefir veitt Rafmagnsveitum ríkisins, Reykjavík og Andakilsárvirikjun, Akranesi, heimild til 15% hækkunar heildsöluverðs raforku frá og með 1. júlí 1976.

*Iðnaðarráðuneytið, 23. júní 1976.*

F. h. r.

**Árni Þ. Árnason.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*